

Faxaflóamót kjölbáta

Faxaflóamótið fer að venju fram í júní ár hvert. Keppnin hefst föstudag en við viljum hvetja alla aðra til að sigla upp á Akranes á laugardag og taka þátt í grilli og skemmtun um kvöldið, gista í bátum og sigla til Reykjavíkur á sunnudag.

Keppnisbátar

Föstudagur 19. júní

- Skipstjórafundur á Ingólfsgarði kl. 16:00 (afhending gagna, greiðsla keppnisgjalda, 4.000 kr. á mann).
- Start er kl. 17:15 (sjá keppnisfyrirmæli).

Laugardagur 20. júní

- Skipstjórafundur kl. 11:00 á bryggjunni á Akranesi.
- Start er kl. 12:00 og sigldar verða amk. tvær umferðir (sjá keppnisfyrirmæli).
- Grillveisla verður kl. 19:00 (innifalin í keppnisgjaldi, nánar auglýst síðar).

Sunnudagur 21. júní

- Skipstjórafundur kl. 11:00 á bryggjunni á Akranesi.
- Start er kl. 12:00 (sjá keppnisfyrirmæli).
- Verðlaunaafhending verður á Ingólfsgarði strax að lokinni keppni. Léttar veitingar.

Ferðabátar (ekki keppni)

Laugardagur 20. júní

- Hópsigling kjölbáta upp á Akranes. Mæting á Ingólfsgarð kl. 12:00 og lagt af stað 13:00.
- Grillveisla á bryggjunni á Akranesi kl. 19:00. Hægt er að kaupa sig inn í matinn en nauðsynlegt er að skrá sig á brokey@brokey.is fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 17. júní. (3.500 kr. Hægt er að greiða á staðnum).

Sunnudagur 21. júní

- Hópsigling til Reykjavíkur kl. 12:30.
- Léttar veitingar verða á Ingólfsgarði þegar komið er í land.

ATH. Við mælum með að áhafnir hafi nesti meðferðis, sérstaklega á laugardag þegar ekki verður farið í land milli umferða.

Nánari upplýsingar gefur keppnisstjórn:

Aðalsteinn Jens Loftsson, 693 2221, adalsteinn@lyfja.is
Ólafur Már Ólafsson, 854 2980, olafur.mar@simnet.is

